

Mosfellsbær  
Lára Gunnarsdóttir  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 26. júlí 2022  
UST202206-047/A.Þ.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Blikastaðaland í Mosfellsbæ**

Vísað er til erindis verkefnastjóra skipulagsmála í Mosfellsbæ er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Blikastaðaland í Mosfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að reist verði byggð fyrir atvinnukjarna í landi Blikastaða. Deiliskipulagssvæðið er um 16,9 ha að stærð og afmarkast af Vesturlandsvegi, Korpúlfsstaðavegi, Korpu og sveitarfélagamörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar.

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skipuleggja umgjörð um nýjan atvinnukjarna þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni og samnýtingu, náttúru og aðlaðandi umhverfi fyrir starfsfólk og viðskiptavini.

Svæðið er nokkuð gróið en hefur verið ræst fram með skurðum. Engar byggingar eru innan svæðisins og engin byggð liggur að skipulagssvæðinu í dag.

### **Vatn**

Umhverfisstofnun telur afar ánægjulegt að sjá fyrirætlanir um blágrænar ofanvatnslausnir á skipulagssvæðinu og varnir gegn mengun í ánni Korpu. Umhverfisstofnun vill benda á að með nýsamþykktri vatnaáætlun hafa vatnshlot verið skilgreind og afmörkuð um allt land. Vatnshlotið Korpa hefur fengið auðkennið 104-826-R en vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand straumvatnshlotsins hefur ekki verið metið enn.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt vatnaáætlun (lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011) eiga öll vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum um að minnsta kosti gott ástand. Samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til nær inn á svæði sem er númer 130 á náttúruminjaskrá og nefnist *Úlfarsá* og *Blikastaðakró* og flokkast sem aðrar náttúruminjar. Um svæðið segir: „(1) *Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri*

*strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.“*

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að ofangreint komi fram í greinargerð og hvort tillagan muni hafa áhrif á verndargildi náttúruminjanna.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*